

Menntamálanefnd Alþingis
Ingvar Þór Sigurðsson, nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík


Akureyri, 22. nóvember 2005

Tilvísun: *Bréf menntamálanefndar dags. 28. október sl. þar sem leitað er umsagnar um tillögu til þingsályktunar um náms- og starfsráðgjöf í grunn- og framhaldsskólum, 14. mál.*

Háskólinn á Akureyri hefur kynnt sér ofangreinda þingsályktunartillögu og þakkar fyrir tækifærið til að láta í ljós álit sitt á henni. Umsögn háskólans er eftirfarandi:

Hér er um að ræða afar brýnt málefni og mikilvægt að aflað verði þeirra upplýsinga sem nefndar eru í ályktuninni, til þess að unnt sé að efla náms- og starfsráðgjöf með faglegum hætti. Mikilvægt er að huga að stöðu nýbúa í þessu sambandi einkum í ljósi þess hversu stór hluti þeirra nær ekki að fóta sig í framhaldsskólum landsins, huga þarf sérstaklega að aukinni námsráðgjöf og stuðningi þeim til handa. Háskólinn á Akureyri styður tillögu um skipan nefndarinnar.

Virðingarfyllst,


Þorsteinn Gunnarsson, rektor